
Landsþing Sambandsins á Akureyri

From Valur Rafn Halldórsson <valur.rafn.halldorsson@samband.is>

Date Tue 2026-02-03 10:13

To Valur Rafn Halldórsson <valur.rafn.halldorsson@samband.is>

Til allra sveitarfélaga,

Dagana 23.-25. september 2026 verður landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga haldið á Akureyri. Landsþingið verður sett seinnipartinn þann 23. september og lýkur á hádegi 25. september.

Öll sveitarfélög sem eiga aðild að Sambandinu eiga rétt til að senda fulltrúa á landsþingið í samræmi við íbúafjölda í viðkomandi sveitarfélagi 1. janúar 2026, sbr. ákvæði 5. gr. [samþykkt Sambandsins](#). Þá eiga framkvæmdastjórar sveitarfélaga, þ.e. bæjar- og sveitarstjórar, auk formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka sveitarfélaga, rétt til setu á landsþingi með málfrelsi og tillögurétti.

Búið er að taka frá herbergi fyrir landsþingsfulltrúa en þar sem við getum ekki haldið herbergjunum nema í takmarkaðan tíma mælum við með því að sveitarfélög taki strax frá herbergi í sínu nafni. Sambandið hefur samið við Iceland ráðstefnur um að annast bókanir og uppgjör vegna gistingar þeirra landsþingsfulltrúa sem munu gista á hótelum á Akureyri á meðan þingið stendur. Allar gistibókanir verða að fara fram í gegnum sérstaka skráningarsíðu sem hefur verið sett upp: [Skráningarsíða](#)

Nánari upplýsingar veitir Valur Rafn Halldórsson, sviðsstjóri þjónustusviðs, í síma 515-4915 eða valur.rafn.halldorsson@samband.is.

Kv. Valur Rafn



Valur Rafn Halldórsson

Sviðsstjóri þjónustusviðs

Samband íslenskra sveitarfélaga • Icelandic Association of Local Authorities

Sími / Tel.: (+354) 515 4900 / 868 1895 • www.samband.is • valur@samband.is

[Lagalegur fyrirvari](#) • [Legal Disclaimer](#)

Ráðstefna um málefni urðunar / Takið daginn frá

From Lilja Þorsteinsdóttir <lilja@resource.is>

Date Tue 2026-02-03 14:46

To fenur <fenur@fenur.is>

Góðan dag.

Unnið er að undirbúningi ráðstefnu um málaflokk urðunar á Íslandi sem verður haldin föstudaginn 20.mars nk. frá kl. 09:00 – 14:00.

Ráðstefnan er haldin í samstarfi ReSource, Sorpu og Fenúrs. Markmið hennar er að varpa ljósi á þróun, tækifæri og áskoranir í starfsemi urðunarstaða á Íslandi, sem og að skapa vettvang fyrir faglegt samtal, miðlun þekkingar og stefnumótandi umræðu milli hagaðila, sveitarfélaga og rekstraraðila.

Unnið er að því að fullmóta dagskrá og efnispætti, en ég hvet þig til að taka daginn frá.

Formlegt boð með dagskrá verður sent síðar. Ef þú hefur áhuga að taka þátt, þá má hafa samband við mig til að fá sendan skráningarhlekk.

Við hlökkum til að eiga gott og uppbyggilegt samtal um þetta mikilvæga málefni.

Bestu kveðjur/Best regards

Lilja Þorsteinsdóttir | Sölu- og markaðsstjóri

M: (+354) 660 28 95 | T: (+354) 571 5864 | lilja@resource.is

Árleynir 2, 112 Reykjavík | www.resource.is



Disclaimer: this message is for the designated recipient only and may contain confidential or privileged information.

If you have received the message in error, please notify the sender by replying to the e-mail and delete the message without copying or disclosing.

Vefkönnun: Taktu þátt í að einfalda regluverk um verkefni sveitarfélaga

From Jóhanna Sigurjónsdóttir <johanna.sigurjonsdottir@irn.is>

Date Tue 2026-02-03 12:40

Ágæti viðtakandi

Athygli er vakin á vefkönnun ráðuneytisins þar sem óskað eftir [tillögum](#) um hvernig megi einfalda regluverk um verkefni sveitarfélaga. Öll ráðuneyti í Stjórnarráðinu koma að verkefninu með tengingu við málaflokka sína en innviðaráðuneytið heldur utan um verkefnið. Allir eiga kost á því að senda inn tillögur og ábendingar með þátttöku í könnuninni sem birt er í [samráðsgátt stjórnvalda](#). Frestur er til og með 10. mars nk.

Sjá [frétt um verkefnið](#) á vef innviðaráðuneytisins.

Bestu kveðjur,
Jóhanna Sigurjónsdóttir



Jóhanna Sigurjónsdóttir

verkefnastjóri / Project Manager

Skrifstofa sveitarfélaga, stafrænna innviða og byggðamála / Department of
Local Government, Digital Infrastructure and Regional Affairs

Innviðaráðuneytið / Ministry of Infrastructure

Sölvhólsögötu 7, 101 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 8200

www.irn.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

Til allra sveitarstjórna

Reykjavík 12. febrúar 2026

1503002LA ÓG
Málalykill:711

Efni: Auglýsing eftir framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga

Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga 2025 kaus tilnefningarnefnd til undirbúnings kjörs stjórnar og varastjórnar á aðalfundi sjóðsins 2026. Tilnefningarnefnd skipa: Magnús B. Jónsson, formaður, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir og Aldís Hafsteinsdóttir. Áformað er að halda aðalfund félagsins föstudaginn 20. mars næstkomandi á Grand Hótel Reykjavík. Tilnefningarnefnd mun taka við framboðum til stjórnar og varastjórnar og gera tillögu til aðalfundar.


Um framboð og kjör til stjórnar gilda hlutafélagalög nr. 2/1995, og lög um fjármálafyrirtæki 161/2002. Jafnframt er farið að leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja (www.leidbeiningar.is) að eins miklu leyti og unnt er.

Tilnefningarnefnd óskar eftir að framboð séu send í síðasta lagi kl 12:00 á hádegi föstudaginn 27. febrúar nk. til Magnúsar B. Jónssonar formanns nefndarinnar, mbjorn@simnet.is. Framboðum þurfa að fylgja upplýsingar svo tilnefningarnefnd geti tekið afstöðu til þekkingar, reynslu og almenns hæfis frambjóðenda.

Upplýsingar um tillögur tilnefningarnefndar verða birtar á heimasíðu Lánasjóðsins um leið og unnt er, í síðasta lagi viku fyrir aðalfund á slóðinni www.lanasjodur.is/tilnefningarnefnd-2026.

Tilnefningarnefnd óskar eftir að sveitarstjórnarmönnum sé kynnt innihald bréfs þessa eins fljótt og unnt er til að áhugasömum gefist tími til að skila inn framboðum.

Virðingarfyllst fh. tilnefningarnefndar
LÁNASJÓÐUR SVEITARFÉLAGA



Óttar Guðjónsson

**Nefnda- og greiningasvið Alþingis**

Umsagnagátt Alþingis

Flóahreppi, 9. febrúar 2026

Efni: Umsögn Flóahrepps um 322. mál – Samgönguáætlun fyrir árin 2026-2040 ásamt fimm ára aðgerðaráætlun fyrir árin 2026-2030

Vísað er til erindis frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis dags. 21.01.2026 varðandi mál til umsagnar nr. 322 – Samgönguáætlun fyrir árin 2026-2024 ásamt fimm ára aðgerðaráætlun fyrir árin 2026-2030.

Sveitarstjórn Flóahrepps vill koma á framfæri eftirfarandi umsögn vegna ofangreinds máls.

Undanfarin ár hefur sveitarstjórn Flóahrepps ítrekað bent á mikilvægi nokkurra þátta innan sveitarfélagsins sem snýr meðal annars að varðandi uppbyggingu tengivega, viðhald malarvega, héraðsvegi, umferðarmerkingar, umferðaröryggi vegfarenda, aðalbrautir og framtíðaráform um uppbyggingu 2+1 vegar á hringvegi 1 frá Selfossi að Þjórsá.

Meðfylgjandi eru tvær bókanir sveitarstjórnar Flóahrepps sem varpa sterklega ljósi á hluta af þeim áhyggjum vegna samgöngumála sem brenna á sveitarstjórn og öðrum íbúum sveitarfélagsins sem og þeim vegfarendum sem hér fara um.

Bókun sveitarstjórnar Flóahrepps frá 15. ágúst 2023:

„„Samgöngumál í Flóahreppi

Skv. 7. grein vegalaga nr. 80/2007 sér Vegagerðin um gerð vegaskrár sem er skrá yfir þjóðvegi og ber Vegagerðin ábyrgð á veghaldi skráðra vega í vegaskrá. Þjóðvegir á vegaskrá í Flóahreppi eru alls skráðir 149,42 km. Þar af eru stofnvegir 31,93 km, tengivegir 58,92 km og héraðsvegir 58,58 km.

Stofnvegir eru hluti af grunnkerfi samgangna. Á milli stofnvega í sveitarfélaginu eru tengivegir sem eru mikilvægur og órjúfanlegur hluti af vegakerfinu í sveitarfélaginu. Innan við helmingur tengivega í Flóahreppi eru með bundnu slitlagi og enginn af tengivegum í Flóahreppi ná saman alla leið á bundnu slitlagi. Sá hluti tengivega sem eru malarvegir eru víðast hvar í slæmu ástandi. Héraðsvegir í Flóahreppi eru stór hluti af vegakerfinu og víða liggja þeir að mörgum býlum og íbúðarhúsum og umferð um þá er töluverð. Héraðsvegir eru í mjög slæmu ástandi og þungt hefur reynst fyrir íbúa að ná fram eðlilegu viðhaldi á skráðum héraðsvegum.

Í dag er þjóðvegur 1 í gegnum Flóahrepp eini þjóðvegurinn sem skilgreindur er sem aðalbraut í Flóahreppi. Slyshætta við fjölfarna vegi líkt og Villingaholtsveg nr. 305 og



Gaulverjabæjarveg nr. 33 er mikil þar sem þeir vegir eru ekki skilgreindir sem aðalbrautir og hægri reglan gildir um forgang um veginna.

Sveitarstjórn Flóahrepps harmar slæmt ástand malarvega í sveitarfélaginu og á það jafnt við um tengi- og héraðsvegi. Íbúafjölgun og fjölgun ferðamanna á svæðinu kallar á bættar samgöngur og horfa verður á mikilvægi þess að byggja upp betri vegi út frá öryggissjónarmiðum. Reglulega er mikilli umferð frá Þjóðvegi 1 beint í gegnum Flóahrepp vegna framkvæmda eða slysa. Skólaakstursleiðir liggja um stærstan hluta vegakerfis sveitarfélagsins og slæmir malarvegir ekki boðlegir fyrir börn sem sitja í skólabíl 180 daga á ári. Vegna slæmra vega gengur erfiðlega að uppfylla reglugerðir um hámarksdvöl nemenda í skólabílum þar sem akstursleiðir eru seinfarnar.

Sveitarstjórn leggur áherslu á að Vegagerðin skrái Villingaholtsveg nr. 305 og Gaulverjabæjarveg nr. 33 sem aðalbrautir sem njóti aðalbrautarréttar þannig að umferð um þá vegi hafi forgang gagnvart umferð af hliðarvegum. Biðskyldumerki og stöðvunarskylda verði þá sett á viðeigandi staði til að auka umferðaröryggi á veginum enda mikil og hröð umferð um veginna.

Slæmar samgöngur eru hamlandi þáttur í eðlilegri og jákvæðri byggðapróun og að sveitarfélagið geti eflst sem atvinnusvæði og áfangastaður. Íbúar og aðrir vegfarendur verða ítrekað fyrir tjóni, óhöppum og sliti á bílum vegna slæmra aðstæðna.

Sveitarstjórn kallar eftir auknu fjármagni til eðlilegs viðhalds á vegum innan sveitarfélagsins þannig að markmiðum samgönguáætlunar um að auka öryggi í samgöngum, stuðla að jákvæðri byggðapróun og efla svæðið sem atvinnusvæði verði náð.

Samþykkt með 5 atkvæðum.“

Bókun sveitarstjórnar Flóahrepps frá 3. febrúar 2026:

„Áskorun til Vegagerðarinnar vegna umferðaröryggis

Fyrir liggur áskorun til Vegagerðarinnar vegna umferðaröryggis. Í áskoruninni er bent á ítrekuð umferðaróhöpp við vegamót Suðurlandsvegar (Þjóðvegur 1) og Langholtsvegar (318). Sérstaklega er bent er á áhættu við að taka vinstri beygju á vegamótunum og hversu lítið sýnileg og illa vegamótin eru merkt. Undir áskorunina skrifa um 70 íbúar, frístundahúsaeigendur, atvinnurekendur og aðrir sem fara daglega um veginn.

Sveitarstjórn Flóahrepps tekur heilshugar undir framlagða áskorun til Vegagerðarinnar. Ljóst er að umferðarpungi hefur aukist mikið undanfarin ár og nokkuð ljóst að sú þróun mun halda áfram. Samkvæmt tillögu að samgönguáætlun fyrir árin 2026-2040 er ekki gert ráð fyrir fjármagni til nýframkvæmda við vegkaflann frá Selfoss-Þjórsá fyrr en á árunum 2031-2040. Ekki er hægt að bíða svo lengi eftir nauðsynlegum aðgerðum til að auka umferðaröryggi á þessum vegkafla. Eins og tölur frá Samgöngustofu sýna þá hafa 99 einstaklingar lent í óhappi eða slysi á árunum 2015-2024 á vegkaflanum frá sveitarfélagamörkum Árborgar og Flóahrepps að Þjórsá. Þar af eru tvö banaslys og fjögur slys með alvarlegum meiðslum. Sveitarstjórn Flóahrepps kallar eftir viðbrögðum hið fyrsta á hættulegum og fjölförnum vegamótum við



hringveginn í gegnum Flóahrepp. Betri og greinilegri merkingar ásamt lýsingu eru þættir sem að mati sveitarstjórnar myndu strax auka umferðaröryggi á þessum vegamótum. Í umferðaröryggisáætlun, sem gefin er út ef Innviðaráðuneytinu og gildir fyrir árin 2024-2038, er talað um að megináhersla skuli lögð á að vegir og umhverfi þeirra verði gerðir öruggari þannig að mannleg mistök í umferðinni leiði síður til alvarlegra slysa.

Það er stórt öryggis- og hagsmunamál fyrir íbúa, atvinnurekendur, aðra fasteignaeigendur og ekki síst skólabörn sem fara um þessa vegi í skólabílum að brugðist verði við þessum aðstæðum.

Sveitarstjórn Flóahrepps kallar eftir að framlögð áskorun ásamt bókun sveitarstjórnar verði tekið til umfjöllunar og ítarlegrar skoðunar vegna tillögu um samgönguáætlun fyrir árin 2026-2040 og eru fulltrúar sveitarstjórnar tilbúnir að fylgja málinu eftir við umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, Innviðaráðuneytið og Vegagerðina. Sveitarstjóra falið að senda ofangreinda bókun ásamt áskorun til Vegagerðarinnar sem hluta af umsögn sveitarstjórnar vegna tillögu að samgönguáætlun 2026-2040 og einnig á þingmenn Suðurkjördæmis.

Samþykkt með 5 atkvæðum.“

Við viljum ítreka ofangreind atriði en þetta varðar öryggi vegfarenda sem fara um vegi innan sveitarfélagsins. Þessir þættir hafa verið ræddir við þingmenn Suðurkjördæmis ítrekað sem og Vegagerðina.

Sveitarstjórn Flóahrepps óskar eftir því að fá áheyrn þegar málið fer í gegnum Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis til að fylgja málinu eftir.

Virðingarfyllst,
f.h. sveitarstjórnar Flóahrepps
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri

**Fundur með Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis****12. febrúar 2026****Efni: Umsögn Flóahrepps um 322. mál – Samgönguáætlun 2026–2040 og aðgerðaráætlun 2026–2030**

Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar tækifærið til að veita umsögn um samgönguáætlun fyrir árin 2026–2040.

Sveitarfélagið hefur ítrekað bent á mikilvægi úrbóta í vegakerfi sínu, þar sem samgöngur hafa afgerandi áhrif á öryggi vegfarenda, byggðaðróun og daglega starfsemi íbúa, fyrirtækja og skólasamfélagsins í Flóahreppi.

Í Flóahreppi eru um 156 km af vegum sem Vegagerðin ber ábyrgð á. Mikilvægir og fjölfarnir tengivegir eru um 72 km af vegakerfinu og innan við helmingur þessara tengivega eru lagðir bundnu slitlagi og engin tengileið nær saman með samfelldu bundnu slitlagi alla leið. Við taka malarvegir sem víða eru í mjög slæmu ástandi og valda meðal annars:

- hættu og töfum í skólaakstri sem gerir okkur erfitt fyrir að standa við lögbundna hámarksdvöl nemenda í skólabílum,
- auknu viðhaldi og tjóni á ökutækjum,
- hindrun fyrir atvinnulíf og byggðaðróun.

Sveitarstjórn leggur sérstaka áherslu á eftirfarandi atriði í samtali okkar í dag:

- A. Fjármagn verði tryggt í frumhönnun vegna lagningar 2+1 vegar frá Selfossi að Þjórsá á árunum 2026–2027** enda ótækt að sveitarfélagið sé strand í skipulagsmálum við þjóðveg 1 þar sem ekki liggur fyrir fyrirhuguð veglína til framtíðar í gegnum Flóahrepps frá Vegagerðinni.
- B. Fjármagn verði tryggt í lagningu bundins slitlags á Önundarholtsveg nr. 311 alla leið en ekki bara hluta leiðarinnar á árinu 2027.** Vegurinn er mikilvægur tengivegur sem getur haft mjög jákvæð áhrif á umferðardreifingu innan sveitarfélagsins, aukið öryggi vegfarenda og fækkað ferðum íbúa og annarra inn á þjóðveg 1. Að auki nýtir Vegagerðin námu við veginn vegna uppbyggingar í kringum nýja Ölfusárbrú og í dag fara tugir þungra vörubíla daglega um slæman malarveg vegna framkvæmda við brúna með tilheyrandi sliti á malarvegi og miklu ónæði fyrir íbúa við veginn vegna rykmengunar og ástands vegarins. Vegkaflinn er einnig mikilvæg hjáleið frá þjóðvegi 1 og hefur oft reynt á að leiða alla umferðina frá þjóðvegi 1 um veginn vegna framkvæmda eða slysa.



- C. Farið verði í tafarlaugar úrbætur á öryggismálum við hættuleg og fjölfarin vegamót við hringveginn.** Við viljum sérstaklega nefna vegamót Oddgeirshólavegar að vestanverðu nr. 318 og austanverðu nr. 304, Villingaholtsveg nr. 305 og Urriðafossveg nr. 302.

Íbúar, landeigendur og fyrirtæki hafa í sameiningu bent á alvarlega hættu á vegamótunum, sérstaklega vegna lítils sýnileika og ófullnægjandi merkinga og hættulegra aðstæðna í vinstri beygjum frá þjóðvegi.

- D. Farið verði í endurskilgreiningu á aðalbrautum innan sveitarfélagsins þannig að fjölfarnir stofn og tengivegir eins og Gaulverjabæjarvegur nr. 33 og Villingaholtsvegur nr. 305 verði skilgreindir sem aðalbrautir.**

Í dag gildir hægri reglan á þessum fjölförnu vegum þar sem er 90 km hámarkshraði. Engin biðskyldu eða stopp merki eru frá hliðarvegum inn á þessa vegi og skapa þessar aðstæður mikla slyshættu.

Þjóðvegakerfið hefur ekki verið uppfært með aðalbrautir í huga á landsvísu frá 2013.

Sveitarfélagið kallar því eftir:

1. **Endurskoðun tímalínu** hönnunar- og framkvæmdakaflans frá Selfossi að Þjórsá þar sem of langt er að bíða fram á árin 2031–2040.
2. **Auknu fjármagni til viðhalds** tengivega til að tryggja öruggar og greiðar samgöngur.
3. **Tafarlausum úrbótum á öryggismálum**, með betri merkingum, sýnileika og lýsingu á helstu hættusvæðum.
4. **Endurskilgreiningu á vegum nr. 305 og 33 sem aðalbrauta**, með tilheyrandi merkingum.

Slæmt ástand tengivega og aukin slyshætta á helstu vegamótum ógna öryggi íbúa, barna í skólabílum og annarra vegfarenda.

Flóahreppur telur brýnt að samgönguáætlun setji skýrari áherslur á öryggisúrbætur og eðlilegt viðhald í sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn er reiðubúin að vinna áfram með Alþingi, ráðuneytum og Vegagerðinni við útfærslu og forgangsröðun þessara mála.

Virðingarfyllst,

Hulda Kristjánsdóttir

Sveitarstjóri Flóahrepps